

Lífeyrissparnaður



„Ég ætla núna að vera fullorðin
og leggja eitthvað til hliðar.“



Hvernig sérð þú fram tíðina fyrir þér?

Þegar þú hættir að vinna þarftu að lifa af þeim sparnaði sem þú hefur byggt upp um ævina.

Lögbundinn lífeyrissparnaður tryggir þér aðeins 56% af meðaltekjum þínum yfir starfsævina og því er skynsamlegt að búa vel í haginn fyrir árin eftir vinnu.

Með fyrirbyggju og góðri ráðgjöf getur þú byggt upp myndarlegan sjóð sem tryggir þér fjárhagslegt sjálfstæði við starfslok. Við kynnum hér hvað þarf að hafa í huga við val á lífeyrissparnaði og þær leiðir sem í boði eru hjá Landsbankanum.

Tryggðu þér tekjur eftir vinnu

Með réttu samspili lögbundins lífeyrissparnaðar, viðbótarlífeyrissparnaðar og reglubundins sparnaðar getur þú skapað þér hærri ráðstöfunartekjur og sveigjanlegri starfslok.

Lögbundinn lífeyrissparnaður

Það eru allir skyldugir til að greiða í lífeyrissjóð en sá sparnaður tryggir þér aðeins 56% af meðallaunum m.v. að greitt sé í lífeyrissjóð í 40 ár.

Viðbótarlífeyrissparnaður

Þú getur lagt allt að 4% af launum þínum í viðbótarlífeyrissparnað. Þessi sparnaður er mikilvæg viðbót við lögbundinn lífeyrissparnað.

Hann hefur nokkra kosti sem annar sparnaður hefur ekki:

- » Þessi sparnaður hækkar í raun launin þín því þú færð 2% mótframlag frá launagreiðanda.
- » Viðbótarlífeyrissparnaður erfist að fullu.
- » Ávöxtun viðbótarlífeyrissparnaðar er undanþegin fjármagnstekjuskatti.
- » Viðbótarlífeyrissparnaður er ekki aðfararhæfur.

Reglubundinn sparnaður

Auk lífeyrissparnaðar er æskilegt að byggja upp reglubundinn sparnað sem getur reynst drjúg viðbót við ráðstöfunartekjur þínar þegar starfsævi lýkur. Góður sjóður getur gert starfslokin sveigjanlegri og aukið lífs-gæði verulega.

Viðbótarlífeyrissparnaður og reglubundinn sparnaður eru forsenda þess að halda tekjum þegar þú ferð á eftirlaun



Meðaltekjur á mánuði yfir starfsævina.




Lögbundinn lífeyrissparnaður.



Viðbótarlífeyrissparnaður.



Reglubundinn sparnaður.



- Áætlaðar meðaltekjur á mánuði yfir starfsævina
- Áætlaðar mánaðargreiðslur úr lögbundnum lífeyrissparnaði við starfslok
- Áætlaðar mánaðargreiðslur úr viðbótarlífeyrissparnaði við starfslok
- Reglubundinn sparnaður

„Ég þarf að hafa markmið
í því sem ég er að gera.“



Hvernig vel ég rétta sparnaðinn fyrir mig?


Þegar þú velur lífeyrissparnað þarf að vanda valið. Þetta er mikilvægur sparnaður og þú munt leggja í hann verulegt fé um ævina. Þú þarft því að vega og meta þá kosti sem eru í boði og velja þann sem hentar þér og þínum aðstæðum best.

Hversu miklar sveiflur?

Það eru sterk tengsl á milli ávöxtunar og áhættu. Þumalputtareglan er sú að því hærra sem krafan um ávöxtun er, því meiri líkur eru á sveiflum í ávöxtun. Ef fjárfest er til langs tíma er því hægt að auka líkurnar á hærri ávöxtun með því að velja ávöxtunarleið með meiri sveiflum í ávöxtun. Þannig er t.d. ráðlegt að taka


minni áhættu með sparnaðinn eftir því sem aldurinn færir yfir þar sem yngri einstaklingar hafa að jafnaði meira svigrúm til að vinna úr sveiflum í ávöxtun.

Ráðlegt er að taka minni áhættu með aldrinum.



Því fyrr, því betra

Því lengur sem sparnaðurinn þinn ávaxtast, því meira vex hann. Vextir ofan á vexti búa til margföldunaráhrif þegar árin líða. Verðmætasti sparnaðurinn er því lagður fyrir snemma. Þeir fjármunir sem eru lagðir fyrir á fyrri hluta starfsævinnar hafa margfaldast þegar þú ferð á eftirlaun. Því fyrr sem þú byrjar, því betra!


A photograph of two women in winter outdoor gear standing in a kayak shop. The woman on the left wears a blue beanie and a dark jacket. The woman on the right wears a dark beanie with sunglasses on top, a dark jacket over a light-colored long-sleeved shirt, and has her arms crossed. They are both looking towards the right. The background is filled with red and orange kayaks hanging from the ceiling and on racks. A white horizontal line is positioned above the text, and another is below it.

„Mig langar til að geta gert það sem mér finnst skemmtilegt - ekki að eiga eitthvert einbýlishús.“

Viðbótarlífeyrissparnaður há Landsbankanum

Lífeyrisbók Landsbankans

Lífeyrisbók Landsbankans er verðtryggður eða óverðtryggður innlánsreikningur fyrir lífeyrissparnað og hentar þeim sem vilja ávaxta sparnað sinn á einfaldan og gagnsæjan hátt. Reikningarnir bera breytilega vexti.



■ 100% innlánsreikningur


Fjárvörslureikningur Landsbankans

Fjárvörslureikningur Landsbankans er fyrir þá sem vilja ráðstafa lífeyrissparnaði sínum í erlend verðbréf. Sveiflur í ávöxtun geta verið mjög miklar. Því hentar sjóðurinn þeim sem eiga langan tíma eftir af lífeyrissöfnunartíma sínum og þeim sem eru meðvitaðir um áhættu fjárfestingarinnar.

Á Fjárvörslureikningi er fjárfest í erlendum hlutabréfum og skuldabréfum. Fyrst og fremst er fjárfest í verðbréfasjóðum. Markmið Fjárvörslureikningsins er að skapa vettvang til að nýta helstu styrkleika fremstu

sjóðstjórnunarfyrrtækja heimsins til þess að ná hámarksávöxtun með mikilli áhættudreifingu.

Fjárfestingastefna 2011



■ 70% erlend hlutabréf
■ 30% erlend skuldabréf

Íslenski lífeyrissjóðurinn - þú velur ávöxtunarleið

Líf I: 16-44 ára

Líf II: 45-54 ára

Líf III: 55-64 ára

Líf IV: 65 ára +

Með *Lífsbrautinni* færist þú milli ávöxtunarleiða miðað við aldur.

Áhætta »

● Aldur »

Íslenski lífeyrissjóðurinn er í samstarfi við Landsbankann og sjóðfélagar njóta þjónustu okkar. Sjóðurinn tekur bæði við lögbundnum lífeyrissparnaði og viðbótarlífeyrissparnaði.

Viðbótarlífeyrissparnaður

Hjá Íslenska lífeyrissjóðnum eru fjórar ávöxtunarleiðir í boði. Munurinn liggur í hversu mikilli ávöxtun stefnt er að og hversu miklum sveiflum má gera ráð fyrir í ávöxtuninni. Mælt er með því að taka minni áhættu eftir því sem nær dregur útgreiðslu viðbótarlífeyrissparnaðarins.

Lífsbrautin


Hægt er að velja fasta ávöxtunarleið eða fylgja *Lífsbraut* Íslenska lífeyrissjóðsins. *Lífsbrautin* er fyrir þá sem vilja nýta sérþekkingu sjóðstjóra við ávöxtun lífeyrissparnaðar. Þá færist þú sjálfkrafa á milli ávöxtunarleiða Íslenska lífeyrissjóðsins, Líf I, II, III og IV, eftir aldri.

Viðbótarlífeyrissparnaður - Fjárfestingastefna 2011

Íslenski lífeyrissjóðurinn

Líf I: 16-44 ára

Fyrir þá sem vilja taka áhættu og ná góðri ávöxtun til lengri tíma. Hentar þeim sem eiga 20 ár eða meira eftir af starfsævi.




- 60% innlend skuldabréf
- 15% innlánareikningur
- 12,5% erlend hlutabréf
- 7,5% framsæknar fjárfestingar
- 5% innlend hlutabréf

Íslenski lífeyrissjóðurinn

Líf II: 45-54 ára

Fyrir þá sem vilja taka hóflega áhættu og ná góðri ávöxtun til lengri tíma. Hentar þeim sem eiga meira en 5 ár eftir af starfsævi.




- 65% innlend skuldabréf
- 17,5% innlánareikningur
- 7,5% erlend hlutabréf
- 7,5% framsæknar fjárfestingar
- 2,5% innlend hlutabréf

Íslenski lífeyrissjóðurinn

Líf III: 55-64 ára

Fyrir þá sem vilja stöðuga ávöxtun með litlum sveiflum. Hentar því þeim sem eiga skamman tíma eftir af lífeyrissöfnunartíma sínum.




- 70% innlend skuldabréf
- 20% innlánareikningur
- 5% framsæknar fjárfestingar
- 3,5% erlend hlutabréf
- 1,5% innlend hlutabréf

Íslenski lífeyrissjóðurinn

Líf IV: 65 ára+

Sparnaðarform fyrir einstaklinga sem nálgast töku lífeyris eða eru nú þegar farnir að taka út lífeyri.



- 100% innlend ríkisskuldabréf

Lögbundinn lífeyrissparnaður

Ráðstöfun iðgjalds Hvaða leið hentar þér?

Íslenski lífeyrissjóðurinn er vænlegur kostur fyrir lögbundinn lífeyrissparnað. Hægt er að velja um tvær útgreiðsluleiðir sem bjóða upp á mismunandi hlutfall frjálsrar séreignar. Frjáls séreign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri og er greidd út á sama hátt og viðbótarlífeyrissparna-

aður. Bundin séreign greiðist með jöfnum greiðslum frá 70 ára aldri og er ætlað að brúa tímabilið fram að útgreiðslu samtryggingarhluta samkvæmt leið III.


Kostir séreignar

Séreign, hvort sem hún er bundin eða frjáls, erfist að fullu. Viltu ráðstafa þínum lögbundna lífeyrissparnaði

sem mest sjálf/ur? Eða viltu tryggja að sem mest af séreign þinni erfist? Ef eignir (samtryggingar samkvæmt tryggingarfræðilegri úttekt) eru hærri en áfallnar skuldbindingar er sjóðnum heimilt að greiða mismuninn til frjálsrar séreignar.

Leið I


Ráðstöfun 12% iðgjalds



„Viltu ráðstafa þínum lögbundna lífeyrissparnaði sem mest sjálf/ur eða tryggja að sem mest af séreign þinni erfist?“

Leið III

Ráðstöfun 12% iðgjalds





Reiknaðu þitt dæmi til enda á landsbankinn.is

Komdu við í næsta útibúi, hringdu í 410 4040 eða
sendu okkur póst á lífeyrissparnaður@landsbankinn.is.
